

Alþingi

Erindi nr. D 120/1374

Komudagur 12.14.1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Alþingishúsi v. Austurvöll
101 Reykjavík.



Reykjavík, 10. apríl 1996.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Félag ísl. náttúrufræðinga hefur undanfarin ár margsinnis lýst þeirri skoðun sinni að brýnt sé að breyta fyrirkomulagi á starfsmannahaldi ríkisins í þá átt að draga úr miðstýringu og auka sjálfstæði og ábyrgð einstakra stofnana. Ennfremur teljum við óeðlilegt að starfs- og launakjör ríkisstarfsmanna og annarra launþega í sambærilegum störfum séu mismunandi þar sem gerðar eru svipaðar kröfur til menntunar og sérhæfni. FÍN hefur í tengslum við kjarasamninga síðan 1991 margsinnis óskað eftir að ganga til samninga við ríkið um þessi atriði.

Í ljósi þessa eru innihald og öll vinnubrögð við gerð fyrirliggjandi frumvarps okkur mikil vonbrigði. Þar virðist samræmingaraðferðin vera fólgin í að skerða, sé munur á rétti eða kjörum ríkisstarfsmönnum í hag. Ekkert tillit er tekið til þess að aukin sérhæfing kallar á aukna ráðningarfestu. Má í því sambandi minna á að kjör starfsmanna flestra stærri einkafyrirtækja í Bandaríkjunum, með svipaða sérhæfni og gerist hjá félagsmönnum FÍN, eru síst lakari hvað snertir uppsagnarfrest og biðlaun en hjá ríkisstarfsmönnum á Íslandi.


Frumvarpið virðist leiða til aukinnar miðstýringar Fjármálaráðuneytis á málefnum stofnana jafnframt því sem það aðhald sem stjórnarsýslulögin veita er afnumið. Þessar breytingar eru að okkar mati ekki vænlegar til að auka skilvirkni í ríkisrekstri. Benda má á að í nútímastjórnunarháttum er lögð rík áhersla á aukna þátttöku og virkni starfsmanna í stefnumótun og ákvarðanatöku.


Ákvæði í frumvarpinu um helmingun á áunnum biðlaunarétti, á sama tíma og áform eru um að leggja niður starfsemi á stórum stofnunum, eins og Orkustofnun, eru að okkar mati gróft brot á stjórnarskrá og kalla á viðbrögð í samræmi við það.

Það er krafa Félags íslenskra náttúrufræðinga að ofangreint frumvarp verði dregið til baka og að gengið verði til samninga við samtök ríkisstarfsmanna með það fyrir augum að draga úr miðstýringu og ná fram raunverulegum endurbótum á starfsmannahaldi ríkisins.

Félagið óskar eftir að fá að kynna þessi viðhorf nánar og koma fyrir háttvirta fjárhags- og viðskiptanefnd þegar hún fjallar um þetta mál.

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga


Einar G. Torfason, formaður


Einar Kjartansson, formaður kjararáðs